



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 22. mars 2023
Tilv.: FJR22090008/2.3

Efni: Skipunarbréf - starfshópur um gerð grænbókar fyrir lífeyriskerfið

Fjármála- og efnahagsráðuneytið skipar yður í starfshóp um gerð grænbókar fyrir lífeyriskerfið.

Tilurð verkefnisins

Í tengslum við endurskoðun á forsendum Lífskjarasamningsins haustið 2020 lýsti ríkisstjórnin því yfir að hún myndi hafa forystu um stefnumörkun í lífeyrismálum í nánu samstarfi við heildarsamtök á vinnumarkaði og Landssamband lífeyrissjóða, og að afrakstur þess samráðs gæti orðið grænbók um lífeyrismál sem kynnt yrði vorið 2021.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kom ennfremur fram að lagt yrði fram frumvarp sem kvæði á um lögfestingu 15,5% iðgjalds í lífeyrissjóði, að hluti þess gæti falist í allt að 3,5% tilgreindri séreign sem mætti, háð skilyrðum, nýta til til fjárfestinga í húsnæði og greiðslu húsnæðislána, auk þess sem tryggt yrði aukið jafnræði varðandi áhrif af nýtingu lífeyrissparnaðar gagnvart réttindum í almannatryggingakerfinu. Frumvarp þessa efnis var lagt fram á Alþingi í lok marsmánaðar 2022 og varð að lögum nr. 55/2022.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er fjallað um lífeyrismál, en þar segir m.a. eftirfarandi:

Grænbók um lífeyrismál verður unnin í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóði á fyrri hluta kjörtímabilsins í því skyni að skapa grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanir um lífeyriskerfið og framtíðarþróun þess með heildstæðum hætti. Meðal annars verður horft til einföldunar kerfisins og fjallað um grundvallarforsendur varðandi hlutverk, uppbyggingu, sjálfbærni og umfang sjóðanna í efnahagslífinu, uppbyggingu réttinda og samspil milli ólíkra stöða lífeyriskerfisins, nauðsynlega hækkun lífeyrisaldurs og sveigjanleika til tóku lífeyris í samhengi við hækkandi lífaldur, tryggingafræðilegar forsendur, fjárfestingarheimildir, starfsumhverfi og eftirlit.

Verkefni starfshópsins

Verkefni starfshópsins er að vinna grænbók um lífeyriskerfið. Með grænbók er átt við skýrslu sem lýsir stöðu lífeyriskerfisins og helstu áskorunum þess. Henni er ætlað að hvetja til umræðu og hún getur lýst mögulegri framtíðarstefnumótun. Vonir eru bundnar við að grænbókin geti orðið grundvöllur að ítarlegri stefnumörkun og undirbúningi að breytingum (hvítbók) á þeim lagaramma sem Alþingi setur um lífeyrismál og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Horft er til þess að áframhaldandi samráð verði milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í þeim áfanga sem snýr að hugsanlegum lagabreytingum en hann er þó ekki verkefni starfshópsins heldur verður skipað í það verkefni sérstaklega.

Meginmarkmið með gerð grænbókarinnar er að skapa traustan grundvöll fyrir umræðu, stefnumörkun og ákvarðanatöku um málefni sem varða fyrirkomulag lífeyrismála og þróun þess.

Starfshópurinn nýtur aðstoðar sérfræðinga í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í vinnu sinni. Hann getur jafnframt, eftir atvikum og að höfðu nánara samráði, ákveðið að fela innlendum eða erlendum sérfræðingum afmörkuð verkefni við vinnslu grænbókarinnar. Æskilegt er að áfangaskipta vinnu við gerð grænbókarinnar í upphafi og áætla kostnað við framkvæmd verkefnisins.

Með hliðsjón af framansögðu er verkefnið að greina stöðu og framtíð lífeyrissjóðakerfisins með heildstæðum hætti og fjalla m.a. um eftirfarandi efnisþætti í drögum að grænbókinni:

1. Greining á núverandi fyrirkomulagi. Gera þarf grein fyrir því fyrirkomulagi lífeyristrygginga sem fyrir hendi er hér á landi frá því að lög um skyldutrygginga nr. 129/1997 voru sett, einstökum þáttum þess og samspili þeirra. Lífeyriskerfið hefur vaxið hratt og tekið miklum breytingum og sama gildir um fyrirkomulag almannatrygginga og réttindi sem hið opinbera veitir. Samspil þessara kerfa hefur grundvallarþýðingu. Leggja þarf mat á kosti og galla þess fyrirkomulags sem hér hefur þróast og þar þarf að líta til þjóðhagslegra og samfélagslegra þátta jafnt sem réttinda og stöðu einstaklinga.

2. Greining á markmiðum og álitamálum. Greina þarf að hvaða marki upphafleg markmið aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál eru enn til staðar, hvernig þau hafa þróast, m.a. með vísan til tillagna starfshóps aðila 2015, og hvaða álitamál eru uppi með hliðsjón af þeirri þróun. Til framtíðar litið skiptir miklu máli að sem almennust samstaða geti orðið um hlutverk og fyrirkomulag skyldubundinna lífeyristrygginga, m.a. með hliðsjón af væntingum um lýðfræðilega þróun, efnahagsþróun og skipulagi vinnumarkaðarins, auknum hreyfanleika og samspili atvinnutengdra lífeyristrygginga við aðrar félagslegar tryggingar og gildandi viðhorfum um sjálfbærar fjárfestingar að teknu tilliti til loftslagsvárs.

3. Greining á hlutverki lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Lífeyrissjóðum hefur vaxið mjög ásmegin á undanförunum árum og auk þess að gegna æ mikilvægara félags- og tryggingarlegu hlutverki er fjármálaleg starfsemi og umsvif þeirra gjörbreytt frá því að áður var, auk þess sem hluti lífeyrissparnaðar er nú í vörslu annarra aðila. Greina þarf þjóðhags- og efnahagsleg áhrif þeirra, þ.m.t. á fjármálalegan stöðugleika, og eins hvaða áhrif breytingar á því regluverki sem snýr að fjármálalegri starfsemi þeirra hafa á starfsemi þeirra.

Við framangreinda greiningarvinnu er æskilegt að starfshópurinn taki mið af vinnu þeirra sérfræðinga sem unnið hafa skýrslur um lífeyriskerfið fyrir stjórnvöld á undanförunum árum.

Fulltrúar í starfshópnum

Í starfshópnum eiga eftirtaldir sæti:

Vilhjálmur Egilsson og Elín Björg Jónsdóttir, formenn, skipaðir án tilnefningar.

Tinna Finnbogadóttir, skipuð án tilnefningar.

Henný Hinz, tilnefnd af forsætisráðherra.

Ágúst Þór Sigurðsson, tilnefndur af félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Halldór Benjamín Þorbergsson og Páll Ásgeir Guðmundsson, tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Hilmar Harðarson og Þórir Gunnarsson, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands.

Gerður Guðjónsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Friðrik Jónsson, tilnefndur af Bandalagi háskólamanna.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, tilnefnd af BSRB.

Magnús Þór Jónsson, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands.

Þórey S. Þórðardóttir og Ólafur Páll Gunnarsson, tilnefnd af Landssamtökum lífeyrissjóða.

Ráðuneytið ber kostnað af vinnu þeirra fulltrúa í starfshópnum sem skipaðir eru án tilnefningar en þess er vænst að tilnefningaraðilar beri kostnað af störfum sinna fulltrúa.

Skil starfshóps

Þess er óskað að starfshópurinn skili drögum að fullbúinni grænbók um lífeyriskerfið til ráðuneytisins eigi síðar en 1. desember 2023. Áformað er að drögin verði lögð fyrir ráðherranefndir, ríkisstjórn og kynnt á Alþingi.

Virðingarfyllt

Bjarni Benediktsson